# HEIMIR

VI. árgangur WINNIPEG, 1909. 3. blað.


## TIL FARFUGLS

Hærra hef þig,
Fjarlægð blárri, víðri vef þig.
Farðu fjarri
þeim sem liggja í leyni nærri.
Sjáðu sundin
þokufull og gráleit gapa,
grunsamlega í bugður undin
Heyrðu hundinn
góla, gelta,
hronum skóga, eftir apa.
Blóðslóð belta,
kafið krapa
sjáðu dýrið særða hrapa.
Fljúgðu ofar illviljanum,
utar landsvananum.